



8. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 22. sept. 2011

Fundur settur kl. 18:30 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Ásmundur Pálsson boðaði forföll.

Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Staða framkvæmdastjóra
2. Jafnréttisviðurkenning
3. Súpufundur
4. Siðanefnd
5. Fundur meða bæjarstjórn
6. Landsmót 50+

1. **Staða framkvæmdastjóra.** Brynjar Jóhannesson hefur ákveðið að segja upp störfum. Rætt var um framhaldið.
2. **Jafnréttisviðurkenning Mosfellsbæjar.** Félaginu var veitt jafnréttisviðurkenning Mosfellsbæjar 2011 við athöfn í Hlégarði á jafnréttisdegi bæjarins þann 19. september. Ritari aðalstjórnar sem einnig er formaður jafnréttisnefndar tók við viðurkenningunni ásamt framkvæmdastjóra félagsins. Aðalstjórn lýsti ánægju sinni með þessa viðurkenningu á starfi félagsins. Stefnan var kynnt við þetta tækifæri og einnig hafði félaginu boðist að kynna hana á Landsfundi jafnréttisnefnda sem fram fór laugardaginn 10. september í Kópavogi.
3. **Súpufundur.** Verður haldinn 28. september kl. 18 í sal Varmárskóla, yngri deild. Stjórnir allra deilda eru boðaðar. Jón Pálsson, sérlegur súpugerðarmaður aðalstjórnar Aftureldingar mun sjá um súpugerð með aðstoð GH og ÁP.

Dagskrá:

1. Staðan á samningamálum við bæinn og aðstöðumál. Formaður
 2. Nóri innheimtukerfi. Framkvæmdastjóri
 3. Æfingagjöld og innheimta og afslættir. Starfshópur
 4. Uppskeruhátíð. Starfshópur
 5. Siðareglur. Varaformaður
 6. Upplýsingavefur. Ritari
- SÚPA**
7. Framtíðarnámsefni. Ritari
 8. Kynning á þjónandi forystu. Fyrirlesari Sigrún Gunnarsdóttir

4. **Uppskeruhátíð 8. okt** Guðjón og Helga fá með sér fólk úr deildum til að undirbúa uppskeru. Boða fund mánudag 26. september kl. 18. Brynjar sendir póst á deildir um að senda fulltrúa á þann fund.
5. **Siðanefnd** Ákveðið að öllum málum sem berast til skrifstofu Aftureldingar, aðalstjórnar eða stjórna einstakra deilda og varða málefni sem tengjast ákvæðum siðareglna félagsins skuli vísa strax til Siðanefndar.
6. **Fundur með bæjarstjórn.** Í samræmi við fyrri ákvörðun aðalstjórnar var ákveðið að bjóða bæjarstjórn til fundar við aðalstjórn fimmtudaginn 29. sept. kl. 17:15. Formanni falið að ganga í það mál og finna aðra dagsetningu eða tíma ef þessi hentar ekki.
7. **Landsmót 50+** Upplýst að formaður og framkvæmdastjóri ásamt fulltrúa Mosfellsbæjar munu funda með framkvæmdastjóra UMSK vegna umsóknar um landsmót 50+. Í gangi er vinna við að útbúa kynningarefni til að presentera bæinn og aðstöðuna fyrir þeim aðilum innan UMFÍ sem ákveða að lokum hvaða bæjarfélaga hreppir hnossið.

Fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar